



Umhverfis- og skipulagssvið  
– Skrifstofa stjórnýslu og gæða  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2024

**Efni: Fyrirspurn um sýningu fyrirhugaðrar uppbyggingar í Keldnalandi fyrir Grafarvogsbúa**  
**Umsögn Betri samgangna**  
Tilvísun: BES-REK-2024-03-27-MB-001

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 13. mars var eftirfarandi máli vísað til umsagnar Betri samgangna:

*Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem samþykkt var 11. október 2023 um sýningu fyrirhugaðrar uppbyggingar í Keldnalandi fyrir Grafarvogsbúa*

Í október 2023 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að sýning á verðlaunatillögum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Keldnalandi yrði sett upp í Grafarvogi, svo Grafarvogsbúar geti kynnt sér áður nefndar tillögur í sínu heimahverfi. Tillagan var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 11. október. Íbúaráð Grafarvogs fagnaði tillögunni á fundi sínum 6. nóvember og hvatti til þess að sýningin yrði sett upp í Grafarvogslaug í Dalhúsum eða bókasafninu í Spönginni. Umrædd sýning hefur ekki enn verið haldin þrátt fyrir að rúmir fimm mánuðir séu nú liðnir frá framlagningu tillögunnar. Um leið og efni tillögunnar er ítrekað er óskað eftir upplýsingum um hvenær Grafarvogsbúar megi eiga von á að sýningin verði haldin.

Betri samgöngur og Reykjavíkurborg stóðu fyrir sýningu á þeim fimm tillögum sem valdar voru á seinna þrep samkeppni um þróun Keldnaland í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin opnaði 26. september, daginn sem tilkynnt var um niðurstöður dómnefndar. Sýningin var opin í viku og efni hennar varð sama dag aðgengilegt á heimasíðum Betri samgangna og borgarinnar. Sýningargögn eru varðveitt hjá Betri samgöngum og ráðgjöfum og því mögulegt að setja sýninguna upp aftur og víðar, með sama sniði og í ráðhúsinu eða á öðru formi.

Vinna við frekari undirbúning þróunar Keldnaland, hönnun og formlega skipulagsgerð er að hefjast. Gert er ráð fyrir að lýsing fyrir gerð rammahluta aðalskipulags verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð í vor og í kjölfarið hefjist lögbundið kynningar- og umsagnarferli lýsingarinnar.



Ef setja á aftur upp sýningu um fyrirhugaða byggð í Keldnalandi er mikilvægt að hafa í huga að um er að ræða borgarluta með íbúðum fyrir um 12-15 þús. íbúa og atvinnuhúsnæði fyrir um 8 þús. störf m.v. vinningstillögu sem er útgangspunktur frekari skipulagsvinnu. Þróun og uppbygging Keldnlands er því umfangsmikið verkefni á marga mælikvarða og ætti að kynna víðar en í aðliggjandi hverfum.

Að mati Betri samgangna er æskilegt að sýning á fyrirhugaðri uppbyggingu í Keldnalandi verði sett upp þegar umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð rammahluta aðalskipulags. Sýningin fælist þá í kynningu á niðurstöðum dómnefndar í samkeppni um þróun Keldnlands, verðlaunatillögu FOJAB ásamt lýsingu rammahluta aðalskipulags og væri sýningin opin á kynningartíma lýsingar eða lengur. Gestir sýningar væru þar með hvattir til að kynna sér áform um aðalskipulagsbreytingu og senda inn athugasemdir og ábendingar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Betri samgangna ohf.

Þorsteinn R. Hermannsson